



Skýrsla svæðisstjóra Óðinssvæðis á umdæmisstjórnarfundi 16. apríl 2011

Annar svæðisráðsfundur Óðinssvæðis var haldin á Akureyri 5. febrúar. Þar voru mættir fulltrúar frá öllum klúbbum nema Súlum sem boðuðu forföll vegna jarðarfara. En greinagóðar skýrslur komu frá öllum klúbbum. Á fundin mættu 20 Óðinsfélagar og 3 gestir 1.gestur með Emblum og svo mættu þau Emelía Dóra Guðbjartsdóttir og Gylfi Ingvarsson fulltrúar K-dags nefndar og fóru yfir markmið K-dagsins og fyrirkomulag á sölu K-lykilsins og er búið að leggja mikla vinnu í undirbúning og er vonandi að árangurinn verði eftir því. Á fundinum var samþykkt að bjóða Drangey og Skildi að leggja til kjörsvæðisstjóra 2011-2012 og er það nú frágengið að hann kemur úr Drangey og heitir Gunnsteinn Björnsson. Þá var ákveðið að halda áfram með sameiginlega gjöf svæðisin til barnadeildar F.S.A. en þetta er tveggja ára verkefn. Tvö vöktunartæki.

Eftir fund var farið upp á barnadeild F.S.A. þar sem Sigfús Jóhannesson afhenti formlega fyrra tækið fyrir hönd klúbba Óðinssvæðis. En Gylfi og Emelía Dóra fóru með Sveindísi Embluforseta að skoða Lautina sem er athvarf fyrir fólk með geðraskanir og er eitt af styrktarverkefnum K-dagsins í ár.

Nokkur undirbúningur hefur verið vegna væntanlegrar stækkunar svæðisins með inngöngu Drangeyjar og Skjaldar. Sátt er um að Óðinssvæði haldi nafninu en þessir klúbbar voru áður fyrr í svæðinu og eru því í rauninni að snúa aftur heim til föðuruhása. Almennu eru menn jákvæðir fyrir þessari breytingu og bjartsýnir á framtíð svæðisins sem hlítur að styrkjast mikið við þessa fjölgun. Í tilefni af þessum væntanlegu breytingum var síðan ákveðið að slá saman svæðisráðsfundum Grettis og Óðinssvæðis og verður hann 30. apríl á Siglufirði og fara síðan á Síldarkvöld Skjaldarmanna og eiga þar góða stund með nýjum félögum og hrista liðið saman. ☺ ☺ ☺

Við héldum fund í Svæðisstjórn 22 mars og ræddum meðal annars um þessa sameiginlegu svæðisráðsstefnu og vorum sammála um að fara út í þessa breytingu í samráði við Grettis félag.

Af heimsóknum ég er búin að heimsækja Kaldbak á sameigilegum fundi þeirra og Emblu. Þar flutti Jón Einar Haraldsson kennari fróðlegan fyrirlestur meðal annars um lesblindu og var þetta góður fundur. Óskar Guðjónsson umdæmisstjóri kom

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



Efling, kraftur, áræði – Ábyrgðin er okkar

norður 1 apríl og var þá farið austur á Vopnafjörð og Askja heimsótt en Skjálfandafélagar stóðu fyrir þessari ferð og fjölmenntu austur. Við fórum 5 saman frá Akureyri: Óskar umdæmisstjóri, Sigurjón Pálsson kjörsvæðisstjóri og við Elísabet frá Emblunum en Sigurður maður Elísabetar keyrði okkur austur í Mývatnssveit og þar slóst Birgir Steingrímsson úr Herðubreið í hópinn. Skjálfandamenn mættu síðan á rútu og tóku okkur með austur og voru 35.mans í þessari ferð sem var makaferð. Öskjufélagar tóku vel á móti okkur og var þetta fjölmenn og góð veisla. Húsvíkingar tóku inn nýjan félag á þessum fundi og sá Óskar um þá athöfn. Þessi nýji Skjálfandafélagi var bæjarstjóri Húsavíkur og voru menn að vonum glaðir með nýja félagann og var þetta hin besta ferð. Óskar fékk síðan að skoða Lautina áður en hann fór aftur suður.

Sameiginlegur fundur Súlna og Embla var haldin 8. apríl í Ólafsfirði. Súlur áttu 35 ára afmæli 31 mars og var þetta afmælisfundur. Þeir eru móður klúbbur okkar Emblanna og alltaf tilhlökkunar efni að hitta þá. Við mættum þar 6 Emblufélagar og 6 Skjaldarfélagar og voru makar með í för. Þetta var mjög skemmtilegt kvöld og létt yfir þessum fundi. Skjöldur átti einnig afmæli 31.mars og urðu þeir 40 ára. Vonand næ ég fleiri heimsóknum áður en vetrarstarfinu líkur.

Á sunnudaginn 3. apríl var forsetafræðsla í Sunnuhlíð fyrir norðurland og var það gott framtak og vel heppnað. Það vantaði að vísu forseta úr 3. klúbbum og er það miður.

Skýrsluskil hafa verið góð og sýna að í svæðinu er mikið og öflugt starf. Hér er fjáröflun upp á rúmar 5.000.000., fjárveitingar 3.000.000 og rúmlega 2000 vinnustundir. Vissulega eru klúbbarnir mis öflugir og hafa misjafna möguleika til fjáröflunar en allir eru að vinna í anda Kiwanis hver eftir sinni getu og á að meta klúbbana eftir því.

Framundan er Hjálma afhending í apríllok? og K-lykillinn og ætlum við að standa okkur í þeim verkefnum. Ég veit ekki hvernig gengur með sölu í fyrirtæki hér norðan heiða því þeim er að stórumhluta stjórnað að sunnan. En það er spennandi að sjá hver útkoman verðurog vonandi gengur salan vel. Eftir það er bara tóm gleði Færeyjaferð og sumar hátíð.

Kiwaniskveðjur

Lára Einarisdóttir Svæðisstjóri Óðinssvæðis.